Smáauglýsingar

Ýmislegt

4x4

Félagar! Munið fundinn í kvöld á Hótel Loftleiðum, Víkingasal. Fyrirlestur, vörukynning. Stjórnin.

Þjónusta



Snjómokstur og öll almenn jarðvegsvinna, hagstætt verð. Uppl. í síma 674194 og 985-28042.



Smókingaleiga. Höfum til leigu allar stærðir smókinga við öll tækifæri, skyrta, lindi og slaufa fylgja. Efnalaugin, Nóatúni 17, sími 91-16199.



Gröfuþjónusta, sími 985-25007. Til leigu í öll verk Cat. 428 traktorsgrafa. Höfum einnig vörubíl. Leitið tilboða. Kvöldsími 91-21602 og 641557.




Húsaeinangrun hf. Að blása steinull ofan á loft/þakplötur og í holrúm er auðveld aðferð til að einangra án þess að rífa klæðningar. Steinullin er mjög góð einangrun, vatnsvarin og eldþolin, auk góðrar hljóðeinangrunar. Veitum þjónustu um land allt. Húsaeinangrunin hf., símar 91-22866/82643.



Tek að mér snjómokstur, vinn á kvöldin, nóttunni og um helgar, tek einnig að mér alla almenna gröfuvinnu. Uppl. í síma 91-40579 og bílas. 985-28345.

Hugsum fram á veginn!



Brýr og ræsi krefjast sérstakrar varkárni. Draga verður úr hraða og fylgjast vel með umferð á móti.

Tökum aldrei áhættu! UMFERÐAR RÁÐ

Fréttir

DV

Tvímenningskeppni bridgehátíðar:

Öruggur sigur Austurríkismannanna

Eins og undanfarin ár sigruðu útlendingar í tvímenningskeppni Bridgehátíðar Flugleiða, að þessu sinni með fádæma yfirburðum og góðri skor.

Tvímenningskeppnin fór fram síðastliðið föstudagskvöld og megnið af laugardeginum. Hinir frægu Austurríkismenn, Jan Fucik og Fritz Kubak, unnu tvímenningskeppnina með 471 stigi yfir meðalskor, heilum 150 stigum yfir parið sem varð í öðru sæti. Framan af tvímenningnum virtist sem um jafna keppni yrði að ræða, og skiptust nokkur pör á að leiða keppnina. Guðlaugur R. Jóhannsson–Örn Arnþórsson, Fucik–Kubak og Sigurður Vilhjálmsson–Ísak Örn Sigurðsson skiptust á um að halda forystunni. En fljótlega á síðari degi keppninnar fór að draga í sundur með Austurríkismönnunum og öðrum keppendum og var sýnt að þeir yrðu ekki stöðvaðir. Baráttan stóð því lengi vel um annað sætið og tókst bræðrunum Hermanni og Ólafi Lárussyni að ná því með góðum endaspretti. Að öðru leyti varð lokastaða efstu para sem hér segir;

1. Jan Fucik–Fritz Kubak	471
2. Ólafur Lárusson–Hermann Lárusson	21
3. Guðlaugur R. Jóhannsson–Örn Arnþórsson	251
4. Jón Baldursson–Valur Sigurðsson	250
5. Sigurður Vilhjálmsson–Ísak Örn Sigurðsson	241
6. Tony Forrester–Markland Molson	240

Sveitakeppni bridgehátíðar hófst á sunnudag og verður fram haldið í dag og mun ljúka nálægt miðnætti. Þegar nokkuð var liðið á keppnina, voru sveitir Flugleiða, Braga Hauksonar, Delta, Wolfgang Meinl (frá Austurríki) og Zia Mahmoud (Pakistan, Kanada og Bretland) í toppbaráttunni.

ÍS



Myndast hefur hefð fyrir því að Davíð Oddsson, borgarstjóri Reykjavíkurborgar, segi fyrstu sögnina á bridgehátíð. Hér segir hann fyrstu sögnina fyrir austurríska parið, Jan Fucik og Fritz Kubak, en þeir spiluðu í fyrstu umferð við Hjalta Elíasson og Jón Ásbjörnsson. Austurríska parið vann tvímenningskeppni bridgehátíðar næsta örugglega. **DV-mynd KAE**

Menning

Af aðskiljanlegum náttúrum teikningar

Sýning Kristjáns Guðmundssonar að Kjarvalsstöðum

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

Tæplega er hægt að hugsa sér meiri andstæður í myndlistinni en þær sem nú er að finna að Kjarvalsstöðum.

Í austursal hússins er Halldór Ásgeirsson, rómantískur sveimhugi, sem spinnur endalausar og marglitar fantasíur upp um alla veggi, en að vestanverðu er sýnt brot af meinlætastefnu Kristjáns Guðmundssonar þar sem allt veltur á ferli einnar línu.

Sýning Kristjáns kallast „Teikningar", spannar yfir tímabilið 1972–88 og er í reynd nokkurs konar yfirlitssýning.

Það þarf varla að taka fram að Kristján leggur annan og yfirgripsmeiri skilning í hugtakið „teikning" en flestir starfsbræður hans.

Það var í tíð konseptlistarinnar, þegar listamenn sneru baki við efnisheimnum og hófu í staðinn að grennslast fyrir um hugmyndalegan kjarna hlutanna, sem Kristján hætti að líta á teikninguna sem sérstakan listmiðil eða hjálpartæki.

Þess í stað hóf hann að brjóta til mergjar aðrar merkingar hinnar teiknuðu línu, og þá sérstaklega tímamerkingu hennar.

Þar sem það tekur ákveðinn tíma og handafl að draga strik, er ekki fráleitt að líta á strikið bæði sem tímaeiningu og kraftlínu, ef til vill einnig sem kraftmæli.

Línan og tíminn

Sá skilningur er undirrót „Yfirhljóðhraðateikninga" Kristjáns frá 1972 þar sem riffilkúlum er skotið eftir pappírsörkum þannig að þær sleikja yfirborð þeirra.

Kúlan og púðrið skilja eftir sig rákir á pappírnum, teikningar gerðar á 1/1500 úr sekúndu, sem listamanninum þótti „óumræðilega fallegur stuttur tími". Um leið er tíminn (og eilífðin?) auðvitað gerður sýnilegur, sem skiptir ekki minnstu máli í myndlist Kristjáns.

Línan sem tímaeining gengur eins og rauður þráður (hvað annað..?) gegnum myndlist Kristjáns á áttunda áratugnum.

Í verkinu „Hraðar/hægar" (1975) dregur hann svartar línur eftir hvítum þerripappír, sem sýnir svart á hvítu að lögun línu getur líka ráðist af tímanum því „hægu" línurnar eru allar gildari, efnismeiri, en þær „hröðu".

Hér erum við að tala um verk sem snúast um eigin möndul og veita áhorfandanum lítið sem ekkert svigrúm til „túlkunar".

Í beinu framhaldi af þeim verða til verk sem ekki ganga út á „tímann" í afstrakt merkingu heldur staðbundinn tíma, sjá „Lengstu nótt á Íslandi (einnar mínútu lína)", 1980–83, þar sem listamaðurinn dregur einnar mínútu línur meðan honum endist nóttin. Ræðst umfang verksins því af lengd nætur, sem þýðir að bæði tími og rúm eru með í þeirri jöfnu sem Kristján setur upp.

Þrívíðar teikningar

Það fer ekki á milli mála í verki, sem af skiljanlegum ástæðum kemst ekki fyrir annars staðar en í bók, „Once around the sun", 1976, en þar eru dregnar línur sem til samans samsvara ummáli sólar.


Annars staðar veltir Kristján vöngum yfir „jákvæðri" og „neikvæðri" teikningu og notar til þess „neikvæðan" efnivið, leiðréttingarpappír.

Þar kemst hann að þeirri niðurstöðu að hvort sem formerki eru jákvæð eða neikvæð verður engin breyting á merkingu línunnar.


Í seinni tíð hefur Kristjáni tekist að finna teikningum sínum þrívíða samsvörun, og gerir áhorfandanum um leið auðveldara að setja sig í samband við þær.

„Tímahnútar" listamannsins frá 1978–88 eru til dæmis samanvöðlaðar tímalínur sem hengja má á vegg.

Árið 1987 gerði Kristján síðan alla vega lagaðar veggmyndir úr pappa, sem límdur hafði verið saman úr fjölda renninga. Samanþjappaðir renningarnir, gegnsýrðir ritblýi, mynda línur eða „teikningu", sem fylgir formi myndanna nákvæmlega.



Kristján Guðmundsson – Án titils, blýantur/pappi, 1986



Kristján Guðmundsson – Án titils, pappír & grafít, 1988.
DV-mynd Brynjar Gauti

Nýjustu tilbrigði listamannsins um þetta línu- eða teiknistef eru massíf gólfverk og lágmyndir þar sem teflt er saman tveimur hráefnum eða „forsendum" teikningar, pappírsrúllum annars vegar og blökkum eða lengjum úr grafíti (ritblýi) hins vegar.

Rafskaut

Pappírnum og grafítinu má líkja við rafskaut sem hægt er að virkja með því einu að tengja þau saman en tengingin er hins vegar undir áhorfandanum komin.

Það er því óravegur frá hinum „lokuðu" teikningum, sem minnst var á hér í upphafi, til þessara þrívíðu samsetninga sem grundvallast alfarið á þátttöku okkar.

Hingað til hefur Kristján verið talinn til spámanna á flestum öðrum stöðum en í heimalandi sínu. Ekki eiga margir íslenskir listamenn samtímis verk í Moderna museet, Stokkhólmi, Stedelijk safninu í Amsterdam og Musée d Árt Moderne í París.

Vonandi verður þokkafull sýningin á þessum þætti í listsköpun Kristjáns til þess að opna augu fleiri Íslendinga fyrir verðleikum hans, og aðskiljanlegum náttúrum teikningarinnar.

-ai